5. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Hafnarfjarðarkaupstaðar er skrásett 23. þ. m.: Áætlunarbílar Hafnarfjarðar h/f. 183

Heimili og varnarþing félagsins er í Hafnarfirði. Tilgangur félagsins að flytja fólk með stórum bifreiðum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og um nágrenni Hafnarfjarðar.

Stofnendur félagsins eru: Helgi S. Guðmundsson, bifreiðarstjóri, Suðurgötu 45. Kjartan G. Guðmundsson, bifreiðarstjóri, Suðurgötu 45. Guðmundur Þ. Egilsson, bifreiðakennari, Selvogsgötu 8. Sveinbjörn Magnússon, bifreiðarstjóri, Skuld. Sigurður G. I. Guðmundsson, bifreiðarstjóri, Suðurg. 45 B. Jón Magnússon, bifreiðarstjóri, Suðurg. 73.

Stjórnendur félagsins eru: Formaður: Sveinbjörn Magnússon, bifreiðarstjóri. Meðstjórnendur: Helgi S. Guðmundsson, bifreiðarstjóri, Guðmundur Þ. Egilsson, bifreiðarstjóri.

Undirskrift tveggja stjórenda er skuldbindandi fyrir félagið, og rita þeir þannig:

F. h. Áætlunarbílar Hafnarfjarðar:
Sveinbjörn Magnússon. Helgi S. Guðmundsson.
F. h. Áætlunarbílar Hafnarfjarðar:
Sveinbjörn Magnússon. Guðm. Þ. Egilsson.
F. h. Áætlunarbílar Hafnarfjarðar:
Helgi S. Guðmundsson. Guðm. Þ. Egilsson.

Upphæð hlutafjár er 18000 krónur og greinist í 36 fimm hundruð króna hluti, er hljóða á nafn. Hlutaféð er allt innborgað. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu og engin lausnarskylda hvílir á þeim. — Ef hlutaféð er aukið, hafa allir hluthafar jafnan rétt til að rita sig fyrir nýjum hlutum.

Hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutabréfunum og svo stjórnin næst á eftir fyrir félagsins hönd.

Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern 500 króna hlut. — Fundi skal boða með ábyrgðarbréfi eða símskeyti.

Hafnarfirði, 21. febrúar 1935.

Sveinbjörn Magnússon. Helgi S. Guðmundsson. Guðmundur Þ. Egilsson.

## AUGLÝSING 184

**frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1935.**

**Skrás. 1935, nr. 1.**

Tilkynnt 23. október 1934, kl. 3 síðd., af Lever Brothers, Limited, sápugerð, Port Sunlight, Chesire, Englandi, og skrásett 5. janúar 1935.

184 Orðin: LIFEBUOY TOILET SOAP prentuð með hvítum stöfum á rauðum grunni, sem myndar aflangan ferhyrning með mjórri, gulri rönd umhverfis. —

LIFEBUOY
TOILET SOAP

Merkið skrásett í London 17. oktbr. 1933, 48. flokki, fyrir ilmandi handsápur.

**Skrás. 1935, nr. 2.**

Tilkynnt 23. október 1934, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 5. janúar 1935.

Ferhyrndur einkennismiði með gulum grunnlit og svartri rönd umhverfis. Orðið: VIM stendur á tveimur stöðum á miðanum með hvítum stöfum á svörtum grunni, sem er með sérkennilegri lögun. Á miðanum er einnig lesmál, sem er leiðarvísir og til skýringar á VIM, sem og átta ferhyrndar myndir af ýmsum búsáhöldum, prentaðar með svörtum, grænum og hvítum lit, sem sýnishorn af hlutum, sem fága má og hreinsa með VIM.




Merkið er skrásett í London 26. febrúar 1934, 50. flokki, fyrir fágunarefni (þar með talin efni þau, sem bæði fága og hreinsa).

**Skrás. 1935, nr. 3.**

Tilkynnt 23. október 1934, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 5. janúar 1935. Orðið:

SOLSKEN

Merkið er skrásett í London 30. september 1908, 47. og 48. flokki, fyrir kerti, þvottasápu, þerriefni, olíur til ljósa, hitunar eða smurnings, eldspítur, línsterkju, bláma og önnur þvottaefni; ilmvörur (þar með talið snyrtivörur, efnasamsetningar fyrir tennur og hár og ilmsápur). Er sú skrásetning síðan endurnýjuð 30. september 1922.

**Skrás. 1935, nr. 4.**

Tilkynnt 23. október 1934, kl. 3 síðd., af R. S. Hudson, Limited, sápugerð, Liverpool, Englandi, og skrásett 5. jan. 1935.

Tveir aflangir ferhyrningar með dökkgrænum grunni. Orðið: Rinso er prentað með gulum stöfum í báða ferhyrningana, en í neðri ferhyrningnum er einnig hvít mynd af körfu með þvotti í.




Merkið er skrásett í London 28. september 1925, 47. flokki, fyrir þvottasápu, þerriefni, olíur til ljósa, hitunar eða smurnings, eldspítur, línsterkju, bláma og önnur efni til þvotta.

184 **Skrás. 1935, nr. 5.**

Tilkynnt 30. ágúst 1934, kl. 11 árd., af Rafael Gavara Garavito, verzlun, Valencia, Spáni, og skrásett 22. janúar 1935.

Mynd af klukku og standa fyrir ofan hana orðin: EL RELOJ, en fyrir neðan hana: Marca Registrada.




Samkvæmt tilkynningu 6. maí 1933, er merkið skrásett í Madrid 2. ágúst s. á. fyrir pressaðan og saltaðan fisk.

**Skrás. 1935, nr. 6.**

Tilkynnt 30. ágúst 1934, kl. 11 árd. af sama, og skrásett 22. janúar 1935.

Mynd af tveimur ávaxtatrjám. Standa fyrir ofan þau orðin: LOS NARANJOS og talan 11, en fyrir neðan talan 21 og orðin: Marca Registrada.




Samkvæmt tilkynningu 6. maí 1933 er merkið skrásett í Madrid 2. ágúst s. á. fyrir pressaðan og saltaðan fisk.

**Skrás. 1935, nr. 7.** **184**

Tilkynnt 12. maí 1933, kl. 4 síðd., af Barnängens Tekniska Fabrikers Aktiebolag, verksmiðjurekstur, Stockholm, Svíþjóð, og skrásett 22. janúar 1935.

Orðið:

# VADEMECUM

Samkvæmt tilkynningu 8. júlí 1924 er merkið skrásett í Stokkhólmi 9. september s. á., og falla eftirtaldar vörur undir þá skrásetningu: Áhöld til þess að afskammta tannkvoðu og önnur efni af svipaðri gerð, mótunarefni til afnota við tannlækningar, asbestvörur, óáfengir drykkir, munnhreinsivatn, aseptín, bifreiðar, sjálfvirkjar, asfalt, skotfæri, efni til að gera vend á dúka, hluti til notkunar við umhirðu á tönnum, munni, hálsi og húð, alúmíníumvörur, akkeri, „brillantín" storkið og fljótandi, burstar, burstavörur, gljásverta á skó, umbúðir, brunnsölt og baðsölt, blek allskonar, blekduft, bónefni, bónvax, blekeyðandi efni, baðefni, bæsiefni, bleikiefni, blaðmálmur, prentstíll, billjarðkrít, lýsingartæki, baðtæki, eldsneyti, benzín, blóm (tilbúin), fatnaður, borðlín, borðar, bróderí bakaðar brauðvörur, bökunarduft, byggingarefni, bónáhöld, skreytingarvörur, bik, ritblý, bómull og bómullarvörur, eirvörur, spengur, valsaðir og steyptir munir í byggingar, blákka, selluefni, súkkulaði og blandanir úr því, sement, vindlar, vindlingapappír, efni til útrýmingar skordýrum, sótthreinsunarefni, skreytiefni, deigvörur, lyffæðuefni, vélareimar, ryksugur, áhöld til að móta sápu, Kölnarvatn, ilmolíur, eterolíur, eldkæfandi efni, vörur með glerungs- og tinhúð, hulstur fyrir snyrtivörur, slökkvitæki, fegrunarefni, efni til hárskreytingar, allskonar feiti, feitiefni, lyfjaefni og lyfjablöndur, umbúðahlutir, ljósmynda- og prentframleiðsla, allskonar litir, allskonar fernis, litblöndur í þvott, hreinsiefni, fánar, flókavörur, fiskvörur, áhöld og tæki til þess að vega, merkja og hnita verkfæri, sem notuð eru við eðlisfræði, efnafræði, ljósbrotsfræði, landmælingafræði, siglingafræði, rafmagnsfræði og ljósmyndafræði, auglýsingastyttur fyrir klæðasala og hárskrýðara, ávextir, ávaxtasafi, fóðurvörur, flugeldaefni, litarefni, síunarefni, fortjöld, fluguveiðarar, flugnapappír, flöskur úr gleri og postulíni, fiskilím, gúttaperka og hlutir úr því, garnvörur, nærfatnaður, skrautleggingar, einkennisfataleggingar, gluggatjöld, glersteinn og vörur úr honum, leikfimistæki, grænmeti, aldinhlaup, steypumulningur, gips, sútunarefni, áburðarenfni, gúmmígerviefni og vörur úr því, glyserín og vörur úr því, gler allskonar, togleður, hörundskvoður, hörundsbalsam, hárþvottaefni, hármeðul hárvatn, herzluefni, heilsubótatæki, trjákvoða, höfuðföt, hálsklútar hjarir, hanzkar, búsáhöld, höggvopn, hestaskeifur, skeifnanaglar, krókar og uglur, húðir, hunang, hreinlætisbindi fyrir konur, hárlitunarefni, hampur, færanleg hús, einangrunarefni fyrir hita og kulda, ís, tól, jólatrésskraut, hleypir, fegrunarefni, kambar, kemisk efni til afnota við lyflækningar, iðnað, vísindastörf ljósmyndun og heilsuvernd, gervilimir, gerviaugu, gervitennur, efni til geymslu á matvörum, skrifstofugögn, kátsjúk, suðuáhöld, kælitæki, vatnssalerni, lífstykki, göngustafir, hnappar, eldhúsáhöld, kjötseyði, kjöt-

184 vörur, niðursuðuvörur, kaffi, kaffibætir, krydd, matarsalt, kakaó, glerungshellur, keðjur, klukkur, peningaskápar, gervisteinar, hveitilím, gúmmílím, kartonpappi, myndmót, kalk, kvikasilfur, gervisilki, litbönd, kopíublöð, kopíupappír, kopíuvélar, konfekt, smjörlíki, gervifeiti, niðursoðnir ávextir, hnífar, eirvörur, korkvörur, kökugerðarvörur, ilmpúðar, ilmumslög, ilmduft, málmkveikiefni, leðuráburður, leðurolía, görfunarefni, læknislyf, lofthreinsunarefni, læknisáhöld, allskonar lökk, allskonar lím, ljósmeti, kerti, lampar, lampaglös, línóleum, mottur, líkkistur, leir, leikföng allskonar, farartæki á landi og í lofti, leðurvörur, hör, leður, munnskolvatn, möndluhýði, málningarvörur, mótunarefni, merkikrít, mælingatæki, húsgögn, gólfábreiður, hljóðfæri, strengir og aðrir hlutar þeirra, mjólk, mjöl, malt, gosdrykkir, hráefni í gosdrykki, önglar, vörur úr vír, vírvefnaður, vélar fyrir tannlækna, magnesíumvörur, tæki til að hreinsa mottur, marmari, handsnyrtivörur og tæki, nálar, net, nikkelvörur, naglafægiefni, allskonar olíur, ostar, plástrar, ilmvötn, ilmkvoður, paraffín, pappír, regnhlífar, pappi, koddar, púðurbaukar, fægiefni fyrir málma, tré, gler og leður, umbúðavörur, pappavörur, penslar, paljettur, pillur allskonar, loðskinnavörur, rykduft, slípólar fyrir rakhnífa, hreinsiefni fyrir málma, ryðvarnarefni, strokleður, hráefni og hálfgerð efni til pappírsgerðar, leturleysiefni, allskonar hráolíur, björgunartæki, teikniáhöld, ferðatæki, spennur á reiðtygi og aktygi, útbúnað til ferðalaga, klæðningarefni á hús, kaðlagerðarvörur, hrátóbak, reykelsisker, ilmvatnssprautur, skeggsápa, skeggkvoða, skeggduft, raktæki og efni, sápa, sápuduft, andlitslitur, hárþvottavatn, hárþvottaduft, skeggvaxtarefni, skeggvatn, skeggvax, svampar, skóáburður, skómak, skóolíur, smyrsli slípiefni, stimpilblek, spil, ritföng, línsterkja, línsterkjublöndur, nafnspjöld, sængurfatnaður, snúrugerðarvörur, knipplingar, renndar, skornar og fléttaðar vörur, slöngur, sportvörur, signet, pokar, smjör, sykur, sýróp, sósur, sinnep, spíritus, skartgripir ekta og óekta, lagvopn, saumavélar, salt, stálvírslínur, tæki til afnota í peningshúsum, reykháfar, steinar, bólstrunarefni, skinn, söðlasmíðavörur, skófatnaður, skotvopn, sokkavörur, lífstykki, svitadúkar, þvottaduft, skóhreinsiefni, skósverta, ritvélabönd og efni í þau, ritvélar og hlutar úr þeim, heilsuverndartæki, smergel, silki, neftóbak, salt, sultur, sigðir, skautar, skrín, spunninn þráður, sprengiefni, allskonar smyrsl, sterkjugljái, allskonar sápur, sápuduft, tannpasta, tannkvoða, tannduft, tannsápa, ræstivatn, snyrtivörur, tannfyllingarefni, þéttunarefni, fúavarnarefni á tré, eldspýtur, kveikivörur, myndarammar, áklæði, tjöld, te, tjara, þakpappi, garnir, tóbaksvörur, trikotvörur, tannstönglar, tinktúrur, teikniblek, tekniskar vörur, prentvörur, allskonar lyftöflur, mó- og torfvörur, veggfóður, þurrkunaráhöld, trjágarðatæki, teiknipennar, símritunarlitur, vasaúr og hlutir í þau, kennsluáhöld, verkfæri, allskonar vax, vatnsefnis-superoxyd, hitunartæki, vatnsveitur, vefnaðarvörur, vörur úr tré, beini, korki, horni, skelplötu, skíði, fílabeini, perlumóður, rafi, sæfrauði og selluefni, skip, reiðhjól og hlutar úr þeim, loftræstingartæki, efni til að eyða illgresi, kveikir, vaxdúkur, egg, edik og öl.

Skrás. 1935, nr. 8. 184

Tilkynnt 25. júlí 1934, kl. 12 á hádegi, af Aktiebolaget B. A. Hjorth & Co., verksmiðja og verzlun, Stockholm, Svíþjóð, og skrásett 22. janúar 1935.

Orðið:

**BAHCO**

Samkv. tilkynningu 7. september 1925 er merkið skrásett í Stokkhólmi 15. s. m., og falla eftirtaldar vörur undir þá skrásetningu: Krókódíl-lyklar, steðjar, málmásar, andófsumbúnaður, baðofnar, baðker, bakstursofnar, lýsingartæki, bindingatæki, blokkir, blásturbelgir, blásturvélar, búkkavélar, borunartæki, borar, borvélar, borastál, burstar, brunahanar, slökkviáhöld, hemlar, nælur, brýni, brennarar, eldsneyti, byggingarefni úr málmi, skilvélar fyrir vökva og skiltæki, skrúfstykki, ryksugur, skolvélar, dúnkraftar, laðir, dyraspengur, dyralokur, eggjárn, öskuþyrlar, hjólspelar, slökkvitæki, þjalir, þjalavélar, lofthanar, æki, ávaxtahrífur, hýðihnífar, frystivélar, rennibekkir, rennivélar, lausasmiðjur, gluggaspengur, gluggakrókar, gafflahreinsarar, gafflar, gasofnar, geirskerar, steypivélar og steypitæki, steypiverkfæri, glervinnsluvélar, steikarkatlar, grasklippur, skrúfuskurðarvélar, skrúfuverkfæri, hakar, pönnur, hamrar, hamravélar, handklæðahaldarar, hnallar, lyftur, hjól, hjólbyssur, hjólþvingur, hjólgaddar, hjólhnoð, búsáhöld, kvarnir, pípulyklar, heflivélar, heflar, ofnáburður, ofnar, ískassar, kæliskápar, ísskápar, kaffisuðutæki, kaffikvarnir, kaffibrennarar, eldavélar, kembivélar, keðjur, skrúfþvingur, tréhnallar, fatahengi, hnífar, hnífafægjarar, suðurvélar fyrir fast, fljótandi eða loftkennt eldsneyti og rafmagn, suðuplötur, járnsteypuform, suðuílát, kælivatnsrennur, niðursuðuáhöld, hitunartæki, kviktengsli, tappatogarar, „hrafnar", kranar, nautabönd, hliðklossar, jötur, tannhjól, kúlur, eldhúsgögn, kjötkvarnir, áslegur, ásleguspennsl, áslegumálmur, lampar, línur, fermingar- og affermingarvélar, lyftitæki, kassaopnarar, lásar, málmkveikitæki og lampar fyrir fast, fljótandi eða loftkennt eldsneyti eða rafmagn, efni til málmkveikinga, þæfivélar, þrýstingsmælar, vélar og verkfæri til að vinna tré, stein, járn og aðra málma, mjólkurvinnsluvélar, mjólkurflöskur, mjólkursigti, mótorar, mælitæki, mæliverkfæri, mæliáhöld, málmbúnaður á húsgögn, olíugeymar, olíuhreinsarar, olíur, ostahaldarar, ostahnífar og ostaskurðartæki, þéttiefni, regnhlífastæði, pjátraravélar, pjátraraverkfæri, þéttiloftsmeitlar og hnoðverkfæri, skrælihnífar fyrir kartöflur, pressur, dælur, fægiefni, miðstöðvarofnar, raspar, stillitæki, reimlásar, reimar, reimhjól, reimaáburður, öndunartæki, þurrkklefar fyrir korn, teikniverkfæri, ryðverjandi efni, „rullspett", reiknivélar, pípur, pípuskerar, pípuverkfæri, sandpappír, skæri, skilvindur, sogarar, sköft, slíður, færilyklar, skotvopn, skautar, skautabönd, skrúflyklar, skrúfstykki, skrúfklemmur, skekkivélar fyrir sagir, smergelléreft, smergelpappír, skekkitengur, skóflur, sláttuvélar, slöngur, slípiverkfæri, slípivélar, slípikringlur, sleggjur, járnsmíðaform, járnsmíðisvélar, járnsmíðisverkfæri, steðjar, járnsmíðatæki, járnbræðsluofnar, málmbræðsluofnar, smurningstæki, lok yfir

184 smurningspípur, olíukönnur, strokkar, skrúfþvingur húsgagnasmiða, sópvélar, spaðar, eldavélar, spjöld, sprautur, hemluslár, steikarofnar, gerilsneyðingaráhöld, pressujárn, pressujárnaofnar, rennibekkir, rennistál, saumavélar, prjónavélar, sagir, sögunarvélar, sögunargrindur, þurrkofnar, trjáræktarverkfæri, þvottaáhöld, þvottavélar, kveikistifti, tangir, hitunartæki og húshitunaráhöld fyrir fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti eða rafmagn, hafjafnar, reiðhjól, loftræsar, hanar, verkfærahaldarar, verkfæravélar, tólastál, vindur, vindivélar, vogir, axir, gufusuðutæki, gufukatlaumbúnaður, gufukatlar, akuryrkjuverkfæri, akuryrkjuvélar, lausasmiðjur, og ennfremur hlutar úr og tilheyrandi öllum framangreindum vélum, verkfærum og áhöldum.

**Skrás. 1935, nr. 9.**

Tilkynnt 27. febrúar 1935, kl. 3 síðd., af H/f. „Shell" á Íslandi, verzlun, Reykjavík, og skrásett 2. marz s. á.

Mynd af akkeri og eru stafirnir: C og A sinn hvoru megin við það.




Merkið er skrásett fyrir smurningsolíur og feiti.

**Skrás. 1935, nr. 10.**

Tilkynnt 6. marz 1935, kl. 4 síðd., af Hodgson & Simpson, Limited, sápuframleiðendur, London, England, og skrásett 19. s. m.

Aflangur einkennismiði og á honum tveir ferhyrningar, hvor til sinnar handar, en í þeim báðum er mynd af ljóni og orðin: Marca Leon. Milli ferhyrninganna standa orðin: LION BRAND.




Merkið er skrásett í London 1. september 1910, 47. flokki, fyrir sápur, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 1. september 1924.

**Skrás. 1935, nr. 11.**

Tilkynnt 12. marz 1935, kl. 11 árd., af John Crabbie & Co., Limited, vínfangasala, Leith, Skotlandi, og skrásett 19. s. m.

Mynd af fíl.



Merkið er skrásett í London 19. júní 1906, 43. flokki, fyrir allskonar áfenga drykki, og sú skrásetning síðar endurnýjuð 19. júní 1934.

**Skrás. 1935, nr. 12.**

Tilkynnt 16. marz 1935, kl. 11 árd., af John Walker & Sons, Limited, framleiðsla áfengra drykkja, London, Englandi, og skrásett 19. s. m.

Ílangur, rétthyrndur einkennismiði. Til vinstri er mynd af tveimur bjórum, er standa hvor sínu megin við einskonar skjaldarmerki, sem á eru skráðir stafirnir W & S. Fyrir ofan merkið sé hönd, og í kringum það er letrað á borða: Confido Gold Berry. Auk þessarar myndar er letrað eftirfarandi á einkennismiðann: Old Highland Whisky — John Walker & Sons, Kilmarnock.




Merkið er skrásett í London 23. maí 1882, 43 flokki, fyrir hverskonar vínföng. Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 30. maí 1923 og hin upphaflega skrásetning síðast endurnýjuð 23. maí 1924.

**Skrás. 1935, nr. 13.**

Tilkynnt 16. marz 1935, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 19. s. m.

Ílangur, rétthyrndur einkennismiði, og er á miðanum mynd af manni með pípuhatt, í lafafrakka og hvítum buxum og uppháum gljástígvélum. Maðurinn heldur á staf í vinstri hendi.



Merkið er skrásett í London 22. nóvember 1933, 43. flokki, fyrir hverskonar sterka drykki.

**Skrás. 1935, nr. 14.**

Tilkynnt 16. marz 1935, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 19. s. m.
Ílangur, rétthyrndur einkennismiði og á hann letrað:

JOHNNIE WALKER

Merkið er skrásett í London 30. nóvember 1908, 43. flokki, fyrir whisky. Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 30. maí 1923 og skrásetning þess síðast endurnýjuð 30. nóvember 1922.

**Skrás. 1935, nr. 15.**

Tilkynnt 16. marz 1935, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 19. s. m.
Ílangur, rétthyrndur einkennismiði og á hann letrað: „Johnnie Walker“ — Black Label.

"Johnnie Walker"
Black Label

Merkið er skrásett í London 20. marz 1926, 43. flokki, fyrir whisky.

**Skrás. 1935, nr. 16.**

Tilkynnt 16. marz 1935, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 19. s. m.
Ílangur, rétthyrndur einkennismiði og á hann letrað: „Johnnie Walker“ — Red Label.

**184**

"Johnnie Walker"
Red Label

Merkið er skrásett í London 20. marz 1926, 43. flokki, fyrir whisky.

**Skrás. 1935, nr. 17.**

Tilkynnt 15. febrúar 1935, kl. 3 síðd., af Osram G. m. b. H. Kommanditgesellschaft, framleiðsla og sala á ljósatækjum, Berlín, Þýzkalandi, og skrásett 23. marz s. á.

Orðið: OSRAM tvisvar þannig, að myndar hring, og eru tvær stjörnur á milli orðanna, en inni í hringnum stendur stafurinn D.

Samkvæmt tilkynningu 28. maí 1934 er merkið skrásett í Berlín 29. ágúst s. á. fyrir rafmagnslampa.

**Skrás. 1935, nr. 18.**

Tilkynnt 15. febrúar 1935, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 23. marz s. á.

Mynd af rafmagnsperu í sporöskjulöguðum reit og stendur þar orðið: OSRAM, en nokkru neðar í ferhyrningi í og utan við reitinn stafurinn D.



184 Samkvæmt tilkynningu 29. maí 1934 er merkið skrásett í Berlín 27. ágúst s. á. fyrir rafmagnslampa.

**Skrás. 1935, nr. 19.**

Tilkynnt 30. marz 1935, kl. 2 síðd., af Diamond T Motor Car Company, verksmiðjurekstur, Chicago, Illinois, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 5. apríl s. á.

Innan í tígulmyndaðri umgerð er stafurinn T, og þvert yfir hann stendur orðið: DIAMOND.

Samkvæmt tilkynningu 23. nóvember 1917 er merkið skrásett í Washington 30. apríl 1918 fyrir bifreiðar og vörubifreiðar.

**Skrás. 1935, nr. 20.**

Tilkynnt 24. apríl 1935, kl. 11 árd., af Wilhelm Adolf Persson, klæðskerameistara, Stockholm í Svíþjóð, og skrásett 27. júní s. á.

Þríhyrnd mynd með orðinu: REGO, en undir það er settur minni þríhyrningur.

Samkvæmt tilkynningu 23. júní 1934 er merkið skrásett í Stokkhólmi 29. desember s. á. fyrir: Buxna- og pilslíningar.

**Skrás. 1935, nr. 21.**

Tilkynnt 12. maí 1930, kl. 2 síðd., af The Marconiphone Company, Limited, verksmiðja, Hayes í Middlesex, Englandi, og skrásett 27. júní 1935.

Orðið: MARCONI.

Merkið er skrásett í London 15. janúar 1930, 8. flokki, fyrir: Þráðlaus heyrnartól til almennrar notkunar í útvarpsmóttöku, almenn útvarpstæki til kennslu og skemmtunar og hluta af slíkum tækjum til notkunar í sambandi við þau og aukastykki við þau, þar með talin gjallarhorn, spennar, há- og lágspennu-tíðni-magnarar, spanspólur, þéttar, útvarpslampar og hljóðnemar, hvort heldur sérstök eða sem hluti af tækjunum. 184

**Skrás. 1935, nr. 22.**

Tilkynnt 16. maí 1935, kl. 11 árd., af H.f. Súkkulaðiverksmiðjan Siríus, sælgætisgerð, Reykjavík, og skrásett 29. júní s. á.

Orðið:

# KONSUM

Merkið er skrásett fyrir allskonar suðusúkkulaði, átsúkkulaði og munngæti, og er orðið „Konsum“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

**Skrá. 1935, nr. 23.**

Tilkynnt 29. marz 1935, kl. 3 síðd., af G. Helgason & Melsted h.f., umboðs- og heildverzlun, Reykjavík, og skrásett 29. júní s. á.

Orðið:

# Sleipnir

Merkið er skrásett fyrir allar tegundir fiskjar, nýjan, saltaðan, þurrkaðan og hertan, hvort sem er í strigaumbúðum eða kössum, og er orðið „Sleipnir“ að skoða sem sérstakt, tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

**Skrás. 1935, nr. 24.**

Tilkynnt 11. júní 1935, kl. 2 síðd., af Henkel & Cie. G. m. b. H., verksmiðjurekstur, Düsseldorf-Holthausen, Þýzkalandi, og skrásett 10. júlí s. á.

Orðið:

# Dixol

184 Samkv. tilkynningu 28. janúar 1929, er merkið skrásett í Berlín 14. nóvember s. á. fyrir efni til að verjast frosti.

**Skrás. 1935, nr. 25.**

Tilkynnt 11. júní 1935, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 10. júlí s. á.

Orðið:

**DIXOL**

Samkvæmt tilkynningu 19. des. 1907 er merkið skrásett í Berlín 24. júní 1908 fyrir: Sápur, þvotta- og bleikiefni, sterkju og sterkjuefni, litunarefni til þvotta og efni til að ná úr blettum, og er skrásetning þess síðast endurnýjuð 16. des. 1927.

**Skrás. 1935, nr. 26.**

Tilkynnt 11. júní 1935, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 10. júlí s. á.

Mynd af ferkantaðri flösku með stýfðum stút, og sést á eitt horn hennar, en tvær hliðar, og er önnur í skugga. Á henni stendur skáhalt orðið: ATA. Á hinni er miði, sexhyrndur með bláum kanti, en svörtum grunni, og stendur þar með hvítu letri orðið ATA og neðar: SCHEUER-PULVER. Neðar er tvöfalt band með svörtum strikum á köntunum og striki ofan við miðju. Nær bandið yfir báðar hliðar flöskunnar og stendur á efri fleti þess: Henkel's Ata Scheuerpulver, en á neðri fleti eru tvær stjörnur svartar, svartur skámiði og meðmæli með vörunni.



Samkv. tilkynningu 13 oktbr. 1924 er merkið skrásett í Berlín 26. febr. 184
1925 fyrir: Kemiskar vörur til iðnaðar, vísindalegra og ljósmyndastarfa, efnablöndur til iðnaðar, efni til að slökkva eld, efni til að herða með og lóða, verja frosti, fylla tennur, losa ketilstein, vatnshlaup, einangrunarefni, áburðarefni, lakk, trjákvoðu og efni úr henni, límefni, gljásvertu, efni til hreinsunar og verndunar leðri, efni til verkunar skinna og görfunar, bónefni, vax, olíur og feiti til iðnaðar, efni til að smyrja með, kæliefni, benzín, ilmvötn, æter-olíur, sápur, sápuduft, þvotta- og bleikiefni, bleikisalt, sterkju, litunarefni til þvotta, efni til þess að ná með blettum, verja og losa ryð, gljáefni (önnur en fyrir leður) og efni til slípunar.

Er skrásetning þessi síðast endurnýjuð 13. oktbr. 1934.

**Skrás. 1935, nr. 27.**

Tilkynnt 11. júní 1935, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 10. júlí s. á.

Efst og neðst á aflöngum miða eru tvær svartar jafnhliða línur. Milli þeirra vinstra megin er hringur með svörtum grunni, og stendur þar með hvítum stöfum: P 3. Þar fyrir aftan, með svörtum stöfum á hvítum grunni: Pe drei.

Samkvæmt tilkynningu 20. júlí 1929 er merkið skrásett í Berlín 21. jan. 1930 fyrir: Ilmvötn, fegurðarefni, æter-olíur, sápur, sápuduft, þvotta- og bleikiefni, sterkju og sterkjuefni, litunarefni til þvotta, efni til að ná burtu blettum, til þess að leysa upp feiti, verja gegn ryði og ná því burtu, gljáefni (önnur en fyrir leður).

**Skrás. 1935, nr. 28.**

Tilkynnt 11. júní 1935, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 10. júlí s. á.

Aflangur, ferstrendur miði með grænni umgerð. Í hægra horni að ofan, en vinstra að neðan, er grænn þríhyrningur. Efst á miðanum stendur orðið: Henko. en fyrir neðan liggjandi ljón, og sést sól á bak við, yfir því er grænn hálfbaugur.

184




Samkvæmt tilkynningu 27. október 1932 er merkið skrásett í Berlín 10. janúar 1933 fyrir: Bleikisóda, gljásterkju og efni til að gljá með málma.

**Skrás. 1935, nr. 29.**

Tilkynnt 10. maí 1935, kl. 2 síðd., af Vacuum Oil Company, A/S, olíuverzlun, København, og skrásett 23. s. m.

Orðið:

# Mobilube

Samkv. tilkynningu 20. febr. 1935 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 16. marz s. á. fyrir allskonar olíur, feiti, vax og svipaðar framleiðsluvörur, sem notaðar eru til smurningar, lýsingar og upphitunar, sem og brennsluefni, gasólín og svipuð efni, sem notuð eru til aflgjafar.

**Skrás. 1935, nr. 30.**

Tilkynnt 11. júlí 1935, kl. 11 árd., af Stanco Incorporated, verzlun, Wilmington í Delaware og New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 30. s. m.

Orðið:

# FLIT

Samkvæmt tilkynningu 17. nóvember 1934 er merkið skrásett 26. marz 184
s. á. í Washington fyrir fljótandi og duftmynduð efni til útrýmingar skordýra, efni til eyðingar á sama, sótthreinsunarefni og efni til að reka burt skordýr, tæki til dreifingar á efnum til útrýmingar skordýra, hreinsunarefni til þvotta, fljótandi hreinsiblöndur og fægiefni til notkunar á gler, postulín, leirvörur og þess konar.

**Skrás. 1935, nr. 31.**

Tilkynnt 13. júlí 1935, kl. 6 síðd., af A/S H. E. Gosch & Co's Tændstikfabrikker og Aktietændstikfabrikken Godthaab, verksmiðja, Köbenhavn, og skrásett 30. s. m.

Ferstrendur miði með skreyttum hornum, þar sem sýnd er í miðju brjóstmynd af manni (Tordenskjold), en umhverfis hana er sporöskjulöguð, áletruð umgerð. Í efri hornunum eru stafirnir: HE G, en í þeim neðri: G Co.




Samkvæmt tilkynningu 30. janúar 1918 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 9. febrúar s. á. og sú skrásetning síðan endurnýjuð 9. febr. 1928.

**Skrás. 1935, nr. 32.**

Tilkynnt 25. júlí 1935, kl. 3 síðd., af Geo. G. Sandeman, Sons & Co., Ltd., verzlun, London, England, og skrásett 10. ágúst s. á.

Orðið:

**SANDEMAN**

Merkið er skrásett í London 24. janúar 1934, 43. flokki, fyrir áfenga drykki.

184 **Skrás. 1935, nr. 33.**

Tilkynnt 26. júlí 1935, kl. 11 árd., af Verksmiðjan „Venus“ h/f, kemisk-teknisk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 10. ágúst s. á.

Aflangur ferhyrningur. Efst í ferhyrningnum stendur orðið: PERÓ, en undir því er sexhyrnd stjarna og innan í henni stendur orðið; utan um stjörnuna er dökkur hringur, og út frá þeim hring stafa fleygmyndaðir geislar. Neðan undir stjörnunni sjást hvítir fjallatindar með skuggum.

Merkið er skrásett fyrir allar hreinlætis- og fegurðarvörur, hverju nafni sem þær nefnast, ásamt öllum þeim vörum, sem heyra undir kemisk-tekniska framleiðslu.

**Skrás. 1935, nr. 34.**

Tilkynnt 22. júlí 1935, kl. 2 síðd., af Rechitt & Sons, Limited, verksmiðjurekstur, Hull, Englandi, og skrásett 10. ágúst s. á.

Orðið: ZEBO í hringmynduðum reit inni í ferhyrningi. Út frá hringnum ganga geislar út í hliðar ferhyrningsins.

Merkið er skrásett í London 11. febrúar 1934, 50. flokki, fyrir áburð til 184
að fága ofna.

**Skrás. 1935, nr. 35.**

Tilkynnt 10. júlí 1935, kl. 3 síðd., af Aktiebolaget Jönköpings Motorfabrik, verksmiðjurekstur, Jönköping, Svíþjóð, og skrásett 10. ágúst s. á.

Orðin:

**JUNE-MUNKTELL**

Samkvæmt tilkynningu 30. maí 1923 er merkið skrásett í stokkhólmi 28. ágúst s. á. fyrir skipsmótora (Marinemotorer) og sú skrásetning síðan endurnýjuð 6. júní 1933.

**Skrás. 1935, nr. 36.**

Tilkynnt 28. ágúst 1935, kl. 11. árd., af H/f. „Shell" á Íslandi, olíuverzlun, Reykjavík, og skrásett 14. september s. á.

Orðið:

**DERVOEL**

Merkið er skrásett fyrir smurningsolíur og smurningsfeiti, sérstaklega smurningsolíur fyrir hraðsnúnar Dieselvélar í vegadráttarvélum og öðrum aktækjum.

**Skrás. 1935, nr. 37.**

Tilkynnt 9. september 1935, kl. 4 síðd., af Simonsen & Nielsen, verzlun, Köbenhavn, og skrásett 12. okt. s. á.

Orðið:

**STERLING**

Samkvæmt tilkynningu 2. júlí 1935 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 27. s. m. fyrir: Reiðhjól, bifhjól, mótorvagna — þó ekki vöruflutningsvagna — og hluta af þeim, áhöld og útbúnað fyrir slík hjól og vagna, þar á meðal grindur, kvíslar, hjól og hluta af þeim, fríhjólsnafir og hraðstilla, nafkransa og aðra nafnhluta, loftslöngur, slöngur, dekk, aflbreytiútbúnað og hluta af þeim, stíganda og hluta af þeim, allskonar hemla og hluta af þeim, stýri, stýrisáhöld og stýrishluta, hreyfi-, stöðvunar- og breytiútbúnað og hluta af því, sæti og hluta af þeim ásamt öllu því tilheyrandi, ljósker, ljóskeraundirstöðu hlífar, hlífhöldur, alls-

184 konar merkja- og boðaáhöld, höldur fyrir keyri, sverð o. þ. l., allskonar farangurshöldur, loftdælur fyrir lofthringa, töskur og hylki fyrir smíðatól, farangur o. fl., reiðhjólastanda, olíudælur, hliðarvagna, vopn og skotfæri, útvarpsviðtæki, hátalara, rafgeyma, rafmagnshljóðdósir, háspennurafhlöður, svo og hluta og annað tilheyrandi útvarpsviðtækjum.

**Skrás. 1935, nr. 38.**

Tilkynnt 9. september 1935, kl. 4 síðd., af White Horse Distillers, Limited, vínframleiðsla, Glasgow, Lagavulin í Islay og London, Englandi, og skrásett 12. október s. á.

Í efri hluta ferhyrnings er mynd af hvítum hesti á svörtum fleti. Í svarta fletinum standa efst orðin: The White Horse Cellar, en á hvítu bandi fyrir neðan svarta flötinn orðin: Estab. 1742. Uppi yfir og hægra megin við svarta flötinn standa orðin: The Old Blend Whisky of the White Horse Cellar from the Original Recipe 1746. Undir svarta fletinum og framanrituðu er mynd af vagni með fjórum hestum fyrir, en þar fyrir neðan er áletrun og nafn og heimilisfang tilkynnanda.




Merkið er skrásett í London 12. apríl 1906, 43. flokki, fyrir whisky, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 12. apríl 1934. Eru orðin: „White Horse" að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

**Skrás. 1935, nr. 39.**

Tilkynnt 21. sept. 1935, kl. 11 árd., af Stanco Incorporated, verzlunarfélag, Wilmington í Delaware og New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 22. október s. á.

Ferstrendur miði, sem með lóðréttum strikum er skipt í mismunandi stóra 184
reiti, og á þeim standa ýms ummæli um vöruna ásamt mynd af manni á gangi með „flit“-brúsa á bakinu. Efst á miðanum er breitt, svart band og á það letrað orðið: FLIT; ná allir reitirnir upp að svarta bandinu, nema einn, sem nær alveg upp úr.




Samkvæmt tilkynningu 25. júní 1928 er merkið skrásett í Washington 15. janúar 1929 fyrir: Efni til útrýmingar skordýrum, til að ná burt óþef og til sótthreinsunar, og er orðið „Flit“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

**Skrás. 1935, nr. 40.**

Tilkynnt 17. október 1935, kl. 7 síðd., af I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft, verksmiðja og verzlun, Frankfurt a. Main, Þýzkalandi, og skrásett 29. s. m.

Orðið:

**Bayer**

Samkv. tilkynningu 6. apríl 1900 er merkið skrásett í Berlín 2. júní s. á. fyrir tjörulitunarefni og lyfjaafurðir, og er sú skrásetning síðast endurnýjuð 27. október 1928. Tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 16. febrúar 1926.

**Skrás. 1935, nr. 41.**

Tilkynnt 17. október 1935, kl. 7 síðd., af Europa Schreibmaschinen Aktiengesellschaft, verksmiðja og verzlun, Erfurt, Þýzkalandi, og skrásett 29. s. m.

Orðið:

*Olympia*

184 Samkvæmt tilkynningum 5. desember 1929 og 6. febrúar 1931 er merkið skrásett í Berlín 13. marz 1930 fyrir ritvélar og hluta úr þeim og 23. júlí 1931 fyrir handritagrindur, litbönd og formála.

**Skrás. 1935, nr. 42.**

Tilkynnt 25. október 1935, kl. 4 síðd., af C. H. Boehringer Sohn A/G, efnaverksmiðja, Nieder-Ingelheim a. Rhein, Þýzkalandi, og skrásett 19. nóvember s. á.

Orðið:

**CHABESO**

Samkvæmt tilkynningu 24. júlí 1923 er merkið skrásett í Berlín 28. jan. 1924 fyrir: Gosdrykki, óáfenga drykki, drykkjar- og baðsalt, flöskur og drykkjarglös, og er sú skrásetning síðan endurnýjuð 23. júlí 1933. Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 21. ágúst 1934.

**Skrás. 1935, nr. 43.**

Tilkynnt 24. október 1935, kl. 6 síðd., af Standard Oil Company of New Jersey, verksmiðja, Wilmington í Delaware og New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 19. nóvember s. á.

Orðið:

**MARMAX**

Samkv. tilkynningu 12. júlí 1933 er merkið skrásett í Washington 7. nóvember s. á. fyrir smurningsolíur.

**Skrás. 1935, nr. 44.**

Tilkynnt 24. október 1935, kl. 6 síðd., af Aktiebolaget Bolinder-Munktell, verksmiðja, Stockholm, Svíþjóð, og skrásett 19. nóvember s. á.

Orðið:

**BOLINDER'S**

og er stafurinn B stærri heldur en hinir, en undir hinum stöfunum er strik.

Samkv. tilkynningu 25. júní 1934 er merkið skrásett í Stokkhólmi 23. júlí s. á. fyrir: Vélar, að undanskildum rafvélum, sögunarramma með hjálparvélum,

fullkomnar sögunarvélar, trévinnslu- og trésmíðavélar, „fræser“ í heflivélar, þurrkhús, eimvélar, dráttarvélar, veghefla og vegvélar, hálmpressur og verkfæravélar. **184**

**Skrás. 1935, nr. 45.**

Tilkynnt 24. október 1935, kl. 6 síðd., af Det Danske Petroleums Aktieselskab, verzlun, Köbenhavn, og skrásett 19. nóvember s. á.

Orðið:

**ZERO-MAR**

Samkv. tilkynningu 15. nóvember 1934 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 15. desember s. á. fyrir smurningsolíur og smurningsfeiti.

**Skrás. 1935, nr. 46.**

Tilkynnt 24. október 1935, kl. 6 síðd., af sama, og skrásett 19. nóvember s. á.

Orðið:

**TEROLA**

Samkv. tilkynningu 15. nóvember 1934 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 2. febrúar 1935 fyrir smurningsolíur og smurningsfeiti.

**Skrás. 1935, nr. 47.**

Tilkynnt 24. okt. 1935, kl. 6 síðd., af sama, og skrásett 19. nóvember s. á.

Orðið:

**TELO-MAR**

Samkv. tilkynningu 15. nóvember 1934 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 1. desember s. á. fyrir smurningsolíur og smurningsfeiti.

**Skrás. 1935, nr. 48.**

Tilkynnt 24. okt. 1935, kl. 6 síðd., af sama, og skrásett 19. nóvember s. á.

Orðið:

**SURETT**

Samkv. tilkynningu 15. nóvbr. 1934 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 1. desbr. s. á. fyrir smurningsolíur og smurningsfeiti.

**Skrás. 1935, nr. 49.**

Tilkynnt 24. okt. 1935, kl. 6 síðd., af sama.

Orðið:

# MAROLEUM

Samkv. tilkynningu 15. nóvbr. 1934 er merkið skrásett í Kaupmannhöfn 16. marz 1935 fyrir steinkendar smurningsolíur og steinkenda smurningsfeiti.

**Skrás. 1935, nr. 50.**

Tilkynnt 24. okt. 1935, kl. 6 síðd., af sama, og skrásett 19. nóvember s. á.

Orðið:

# MARINEX

Samkvæmt tilkynningu 15. nóvember 1934 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 1. desember s. á. fyrir smurningsolíur og smurningsfeiti.

**Skrás. 1935, nr. 51.**

Tilkynnt 24. okt. 1935, kl. 6 síðd., af sama, og skrásett 19. nóvember. s. á.

Orðið:

# KUBOLA

Samkvæmt tilkynningu 15. nóvember 1934 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 1. desember s. á. fyrir smurningsolíur og smurningsfeiti.

**Skrás. 1935, nr. 52.**

Tilkynnt 24. október 1935, kl. 6 síðd., af sama, og skrásett 19. nóvember. s. á.

Orðið:

# ESSO-MAR

Samkvæmt tilkynningu 15. nóvember 1934 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 26. janúar 1935 fyrir smurningsolíur og smurningsfeiti.

**Skrás. 1935, nr. 53.**

Tilkynnt 24. okt. 1935, kl. 6 síðd., af sama, og skrásett 19. nóvember s. á.

Orðið:

# CYLO-MAR

Samkvæmt tilkynningu 15. nóvember 1934 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 26. janúar 1935 fyrir spurningsolíur og smurningsfeiti. **184**

Skrás. 1935, nr. 54.

Tilkynnt 24. okt. 1935, kl. 6. síðd., af sama, og skrásett 19. nóvember s. á.
Orðið:

# PENOLA

Samkvæmt tilkynningu 15. nóvember 1934 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 1. desember s. á. fyrir smurningsolíur og smurningsfeiti.

Skrás. 1935, nr. 55.

Tilkynnt 30. okt. 1935, kl. 12 á h., af W. H. Holt & Sons, Limited, vínframleiðsla, Chorlton-cum-Hardy, Lancashire, Englandi, og skrásett 30. nóvember s. á.

Tveir ferhyrndir reitir innan í aflöngum ferhyrningi. Í efri reitnum standa orðin: Holt's „Mountain Cream", og undir þeim: SCOTCH WHISKY DISTILLED AND BOTTLED IN SCOTLAND, en í neðri reitnum standa efst, í bogadreginni línu, orðin: „Mountain Cream" A CHOICE BLEND OF FINE Old Scotch Whisky. Neðst er nafn tilkynnanda og heimilisfang.




Merkið er skrásett í London 7. júlí 1933, 43. flokki, fyrir skozkt whisky.

**Skrás. 1935, nr. 56.**

Tilkynnt 3. nóvember 1935, kl. 12 á hád., af Lofti Guðmundssyni, ljósmyndagerð, Reykjavík, og skrásett 30. s. m.

Bogamyndaður, tvöfaldur hálfhringur. Ofan á honum stendur: „15-FOTO“, en neðar, inni í hringnum, orðið: Loftur.

„15-FOTO“

Loftur

Merkið er skrásett fyrir smámyndafjölda að tölu 15, 12, 8 og 9, og eru orðin „15-FOTO“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti á ofangreinda myndaflokka.

**Skrás. 1935, nr. 57.**

Tilkynnt 11. nóvember 1935, kl. 1 síðd., af H/F. Máninn, sápuverksmiðja, Reykjavík, og skrásett 5. desember s. á.

Orðið:

fix

Merkið er skrásett fyrir alls konar þvottaduft og sápur.

**Skrás. 1935, nr. 58.**

Tilkynnt 10. desember 1935, kl. 11 árd., af Reckitt & Sons, Limited, verksmiðjurekstur, Hull á Englandi, og skrásett 20. s. m.

Aflangur, ferhyrndur einkennismiði, og standa í öðrum enda hans orðin: SHAKE WELL. Inni í ferhyrningnum eru á strikuðum grunni tveir ferhyrndir fletir. Í öðrum þeirra stendur orðið: Silvo undirstrikað og skrautmerki þar fyrir neðan, en í hinum ferhyrningnum stendur, efst á dökkum reit, orðið: Silvo, og þar fyrir neðan, sömuleiðis á dökkum reit, orðið: polish. Neðst er ljósastika með tveim kertum.




Merkið er skrásett í London 26. september 1932, 50. flokki, fyrir fægiefni (þar með talin efni bæði til hreinsunar og fágunar).

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 43, 13. nóv. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið **endurnýjuð** á árinu:

**Skrás. 1915, nr. 2.**
A. & F. Pears, Ltd., London, frá 6. ágúst.

**Skrás. 1925, nr. 1.**
Svenska A/B Gasaccumulator, Stockholm, frá 15. janúar.

**Skrás. 1925, nr. 2.**
The Celotex Company, Chicago, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 3.**
Reckitt & Sons, Ltd., Hull, frá 14. febrúar.

**Skrás. 1925, nr. 4.**
Sami, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 5.**
Sami, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 7.**
Bovril, Ltd., London, frá 27. febrúar.

**Skrás. 1925, nr. 8.**
O. Mustad & Sön, Oslo, frá 27. febrúar.

**Skrás. 1925, nr. 10.**
John Mackintosh & Sons, Ltd., Halifax, Englandi, frá 14. marz.

**Skrás. 1925, nr. 11.**
Socory-Vacuum Oil Comp., Inc., New York, frá 28. marz.

**Skrás. 1925, nr. 12.**
A/S H. E. Gosch & Co's Tændstikfabriker, København, frá 9. maí.

184

**Skrás. 1925, nr. 13.**
Sami, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 14.**
Sami, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 15.**
Sami, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 17.**
Blyantfabriken Viking A/S, Köbenhavn, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 18.**
Röwde & Co., Oslo, frá 20. maí.

**Skrás. 1925, nr. 22.**
Wilhelm Benger Söhne, Stuttgart, frá 25. júní.

**Skrás. 1925, nr. 23.**
Helsingsborgs Gummifabrik A/B, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 24.**
Sami, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 28.**
Standard Oil Comp. of New Jersey, Wilmington, frá 15. ágúst.

**Skrás. 1925, nr. 30.**
Wilhelm Benger Söhne, Stuttgart, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 38.**
Arthur Guinness Son & Co., Ltd., London, frá 14. nóv.

**Skrás. 1925, nr. 39.**
A/S Dalen Portland Cementfabrik, Brevik, Noregi, frá s. d.

**Skrás. 1925, nr. 40.**
Chrysler Corporation, Detroit, U. S. A., frá 20. nóvember.

**Skrás. 1925, nr. 45.**
Reiðhjólaverksmiðjan Fálkinn, Reykjavík, frá 3. desember.

Ennfremur hafa eftirgreind merki verið **afmáð** úr vörumerkjaskránni samkvæmt 12. gr. sömu laga: 184

**Skrás. 1925, nr. 9.**
Price's Soap Comp., Ltd., London, 14. marz.

**Skrás. 1925, nr. 16.**
A/S H. E. Gosch & Co., Tændstikfabrik, Köbenhavn, 9. maí.

**Skrás. 1925, nr. 21.**
Essex Motors, Detroit, U. S. A., 9. júní.

**Skrás. 1925, nr. 25.**
Edward Sharp & Sons, Ltd., Maidstone, Englandi, 9. júlí.

**Skrás. 1925, nr. 27.**
Standard Oil Comp., Bayonne og New York, 15. ágúst.

**Skrás. 1925, nr. 31.**
A. Atmanspacher, Ehrensfriedersdorf, Þýzkalandi, 20. ágúst.

**Skrás. 1925, nr. 33.**
British American Tobacco Comp., London, 19. september.

**Skrás. 1925, nr. 41.**
Standard Oil Comp., Bayonne og New York, U. S. A., 20. nóvember.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík,

31. desember 1935.

## SKRÁ 185

**yfir hlutafélög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1935.**

1. H.f. Tunnuverksmiðja Akureyrar, Akureyri.
2. Hlutafélagið Gnótt, Flateyri.
3. Andersen & Lauth h.f., Reykjavík.
4. Hlutafélagið Rán, Hafnarfirði.
5. Útgerðarfélag Kea h.f., Akureyri.
6. Áætlunarbílar Hafnarfjarðar h.f., Hafnarfirði.
7. H.f. Kaðall, Ísafirði.
8. Byggingarvöruverzlun Akureyrar, Akureyri.